

17

26. febr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka oddvitar laun samkvæmt þeim frá 1. janúar 1942.

3. gr.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.

18

26. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 27 23. júní 1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna verði þannig:

Til þess að bæta samgöngur um vatnasvæði Þverár og Markarfljóts í Rangárvallasýslu og varna skemmdum af ágangi vatns, skal gera þessi mannvirki:

1. Nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að veita Markarfljóti, Álum, Affalli og Þverá að Markarfljótsbrú.
2. Nauðsynlegar endurbætur og lenging varnargarðsins hjá Seljalandi til varnar landspjöllum undir Eyjafjöllum.
3. Varnargarða innan Háamúla í Fljótshlíð og sunnan Markarfljótsbrúar undir Eyjafjöllum, eftir því sem þurfa þykir til að verjast eyðingu gróðurlendis á þessum slóðum.
4. Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki til varnar gegn yfirvofandi stórfelldum skemmdum á vatnasvæðinu að dómi atvinnumálaráðherra.
5. Flóðgáttir til áveitu, þar sem öruggt er og nauðsyn þykir.

2. gr.

4. og 5. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður kostar að öllu leyti mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr. 1. og 2. lið.

Ríkissjóður kostar að $\frac{7}{8}$ hlutum mannvirki þau, sem talin eru í 3. lið, en sýslufélag Rangárvallasýslu að $\frac{1}{8}$ hluta.

Ríkissjóður kostar að $\frac{3}{4}$ hlutum fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem talin eru í 4. og 5. lið, og sýslufélag Rangárvallasýslu að $\frac{1}{4}$ hluta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.